



Fyrsti formannafundur HSV starfsárið 2024-2025, fimmtudaginn 14. nóvember 2024. Haldinn á kaffistofu Ístækni við Sindragötu 5 á Ísafirði og hófst hann kl 20.00.

Mætt voru: Fyrir hönd stjórnar HSV; Sigurður Jón Hreinsson, Magnús Bjarnason, Anton Helgi Guðjónsson og Páll Janus Þórðarson. Þórir Guðmundsson Vestri yngriflokkar karfa, Samúel Samúelsson Vestri meistaraflokkur knattspyrna, Finnur Magnússon Kubba, Guðjón Ólafsson Golfklúbburinn, Marinó Hákonarson Hestamannafélagið Hending, Guðni Guðnason aðalstjórn Vestra, Guðni Páll Viktorsson Siglingafélagið Sæfari, Björgvin Hilmarsson Klifurfélag Vestfjarða, Jón Hálfán Pétursson Vestri yngriflokkar knattspyrna, Shiran Þórisson Vestri körfuknattleiksdeild, Elena Dís Víðisdóttir Skíðafélag Ísfirðinga og Guðbjörg Ebba Högnadóttir starfsmaður svæðisstöðva ÍSÍ og UMFÍ.

Formaður býður fundarmenn velkomna, þakkar góða mætingu og að því loknu er gengið til dagskrár:

## 1. Lottógreiðslur

Formaður biður viðstadda afsökunar á seinagangi við lottógreiðslur. Upplýsir stöðuna á greiðslunum sem ættu að vera að gerast þessa dagana og að upphæðin sé fyrir tímabilið janúar til september. Síðari greiðsla ársins 2024 muni svo koma um miðjan janúar nk. Þegar síðasta greiðsla ársins hefur borist frá íslenskri getspá, ÍSÍ og UMFÍ.

Þórir hafði sent fyrirspurn fyrir fundinn varðandi iðkendatölurnar sem eru meginforsendur í útreikningum á bak við greiðslurnar til félaganna. Honum var svarað að tölur séu unnar upp úr skjali sem komið hafi frá ÍSÍ. Vill Þórir meina að þær væru að ýmsu leiti undarlegar og velti fyrir sér hvaðan þær kæmu. Telja stjórnarmenn og Ebba að þær séu komnar í gegnum Sportabler frá ÍSÍ. Ebba tekur að sér að kanna hvaðan tölurnar eru komnar.

Lýsa ýmsir aðilar yfir áhyggjum yfir áræðanleika þessara talna, ef félögin eru að skrá aðila inn sem eru ekki raun-iðkendur hjá félögunum.

Er vilji fundarins að þessi mál komist á hreint en óvíst hver eigi að taka þann bolta. Marinó bendir á villuna sem felst í því að greiðslur séu greiddar í raun ári eftir að tölunum er skilað inn. Að kjörnir fulltrúar á þingi starfi miðað við fjölda það ár en greiðslur sem greiddar eru út af lottógreiðslum séu unnar upp úr árs gömlum tölum. Vildi hann hafa nýrri rauntölur við stýringu á fjármagni.

Shiran ber fram þá spurningu, hvað sé hægt að gera í þessum vanda sem virðist af umræðum fundarins vera orðinn nokkuð gamall. Því svarað að nefnd hefði átt að vera skipuð fyrir allnokkrum árum en óvíst hvort að hún hafi skilað af sér einhverju eða tekið málið eitthvað fyrir. Björgvin spyr hvort Sportabler sé einhver skilda fyrir félög að notast við? Ekki vitneskja um hvort skyldan sé til staðar en vissulega hægt að skila inn tölum í skilakerfi ÍSÍ framhjá Sportabler.

Farið er fram á að stjórn HSV komi að einhverskonar athugun á þessum málum og leiti leiða til að skipting á því fjármagni sem rennur í gegnum HSV sé gert með eins réttum tölum og framast er unnt.

Skrifstofa UMFÍ/ÍSÍ mun kanna hvort hægt sé að fara í einhverja áreiðanleika könnun á tölunum. Stjórn falið að koma með tillögu fyrir næsta formannafund að breytingu á lögum sambandsins varðandi úthlutunarreglum.

## 2. Rekstur HSV í nýju umhverfi

Tekin almenn umræða um stöðu hérðassambandsins í ljósi þess að það er nú án starfsmanns og að auki fyrirsjáanlegt að lottótekjur munu dragast verulega saman á komandi ári. Skerðing á lottógreiðslum frá UMFI er um 2/3 og kom fram á miðju þessu ári, sem er til komið vegna breyttra úthlutunarreglna á landsvísu, en farið er að miða við fjölda íbúa með lögheimili á viðkomandi svæði í stað iðkendafjölda.

Marinó telur það alvarlegt að tekjur frá UMFÍ-ÍSí séu að dragast saman. Spyr hvað Ísafjarðarbær mun leggja fram í fjármunum til félaganna? Segir töluna hafa dregist saman sl. 4 ár. Hefur miklar áhyggjur af samdrætti í tekjum félaga. Samkvæmt samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar greiðir bærinn 2,5 milljón króna á þessu ári í beina rekstrarstyrki til íþróttafélaganna og á sú upphæð að vera vísitölutryggð næstu árin.

Aðspurðir segjast formennir Shiran og Samúel ekki finna eiginlegan mun á því að starfsmaður hafi verið fluttur frá HSV til Ísafjarðarbæjar. Marinó segist ekki sammála og telur þennan flutning ekki hafa verið gæfulegan fyrir sambandið. Hafi starfskrafturinn mögulega ekki verið fullnýttur og því ekki allir fundið almennilega fyrir flutningnum.

Marinó segir frá áhyggjum sínum yfir tilfærslunni og minnir sér yngri menn á það, að það hafi verið töluverð barátta fyrir því að fá starfsmanninn kostaðann af bæjarfélaginu á sínum tíma og að gríðarleg breyting hafi fylgt því fyrir stjórnarmenn.

Formaður tjáir fundinum sína skoðun, um að vegna stöðunnar skorti alla yfirsýn yfir starfsemi og rekstur HSV.

## 3. Æfingatöflur Íþróttahúsanna

Varla hefur farið framhjá nokkrum manni í haust, að mikil óánægja er með úthlutun æfingatíma í íþróttahúsum á svæðinu. Formaður opnar umræðuna með því að minna á að ágreiningur verði ekki leystur án umræðu, en að það sé álit stjórnar HSV að tímatöflunar hafi ekki verið unnar í samræmi við settar reglur. Fyrirspurn um úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar, hvort þær séu til. Segir formaður þær til en séu ekki mjög djúpar.

Shiran spyr hvað af raunúthlutunum sé ekki í samræmi við reglur og af hverju HSV sé að setja út á úthlutunina. Segir hann vilja körfuknattleiksdeildar að setjast niður og ræða málið. Er málið rætt milli manna af mismiklum eldmóð.

Fundur var haldinn um miðjan ágúst vegna úthlutunar tímanna og höfðu allir notendur hússins mætt á fundinn. Segir Þórir handknattleiksdeild Harðar hafa mætt á þann fund en ekki verið viðræðugrundvöllur þar og því ekki náðst sameiginlegur skilningur á fundinum.

Eru þeir forsvarsmenn körfuboltans ósáttir við það að HSV hafi farið að tala mál Harðar við Ísafjarðarbæ og óskað eftir rökstuðningi fyrir úthlutun. Án þess að hafa átt samtalið við önnur félög sem nota sömu hús. Eins segir Shiran körfuknattleiksdeildina ósátta við sína úthlutun og hefði mögulega vilja koma sínum athugasemdum á framfæri.

Formaður ítrekar að athugasemdir stjórnar HSV við tímatöfluna sé ekki aðför að neinu félagi eða íþróttagrein, en það sé hlutverk HSV að vinna að eflingu allra íþróttá svæðinu og þar að leiðandi líka að sjá til þess að sæmileg sátt ríki á milli íþróttagreina. Ekki geti gengið að stjórn HSV megi ekki gera neitt án þess að fá fyrst fyrir því leyfi frá öllum íþróttafélögum á svæðinu.



Jón Hálfván spyr fundarmenn hvenær menn eðlilegt væri að tafla í húsunum væri tilbúin fyrir næsta tímabil eða hvenær umræðurnar eiga að fara fram, eru fundarmenn sammála um að æskilegt sé að það gerist vorið áðir.

#### 4. Svæðisfulltrúi ÍSí

Guðbjörg Ebba kynnti sig og starf þeirra Birnu, hjá Svæðisstöðvum íþróttahéraða. Marínó spyr hvaða áhrif þessi nýju störf hafa á tekjur félaganna og héraðssambandið. Skerðing á greiðslum til héraðssambanda vegna þessara nýju starfa er hinsvegar um 15%, en ríkið greiðir lang stærsta hlutann af þeim kostnaði. Marínó segir það mögulega hagkvæmara að skrá ekki iðkendur og þurfa þá ekki að borga til skatt til Landssambands hestamanna, sem hirðir nánast öll greidd félagsgjöld til Hendingar. Finnur hjá Kubba (íþróttafélag eldri borgara) lýsir yfir áhyggjum sínum vegna þessara nýju úthlutunareglna lottópeninga, þar sem aldurs iðkendur síns félags er eðli málsins samkvæmt í hærri kantinum og líkur á að félagið fái litlar eða engar hlutdeild í lottógreiðslum.

Marínó spyr út í aðgengi að þeim starfsmönnum svæðisskrifstofa og upplýsir Ebba að hún sé staðsett í gamla Landsbankahúsinu, en Birna Hannesdóttir sé með sína skrifstofu á Patreksfirði. Marínó leggur til að teknir verði reglulegir samráðsfundir héraðssambandanna á svæðinu með svæðisfulltrúunum og aukið þannig samtalið við starfsmennina sem og á milli héraðssambandana fjögurra.

#### 5. Önnur mál

Ekki voru rædd önnur mál, en undir þessum lið leiddust umræður aftur að æfingatöflunum. Punktur varðandi það færðir undir þann lið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið 21.59

Fundargerð ritaði Páll Janus.